

Eystrahorn

38. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 25. október 2018

www.eystrahorn.is

ADVENT



Erasmus+ verkefnið ADVENT sem FAS er í forsvari fyrir snýr að því að efla nám og nýsköpun í afþreyingarferðaþjónustu. ADVENT er skammstöfun fyrir Adventure tourism in vocational education and training. Verkefnið er samstarfsverkefni skóla, bæði framhalds- og háskóla, rannsóknarstofnana og samtaka fyrirtækja auk einstakra fyrirtækja í afþreyingarferðaþjónustu í Finnlandi, Skotlandi og á Íslandi. ADVENT gengur út á það að starfandi aðilar í afþreyingarferðaþjónustu móti námsefni út frá greiningu sinni á þörf fyrir menntun innan greinarinnar.

Þátttökufyrirtæki hvers lands vinna nú að því að hanna og skipuleggja námskeið sem þeir byggja á sinni eigin hæfni og sérhæfingu. Þau námskeið verða svo kennd í viðkomandi landi fyrir aðila úr ferðaþjónustufyrirtækjum allra þátttakulandanna. Hefðbundið nám í afþreyingarferðaþjónustu í skólunum verður einnig endurskoðað í samvinnu við fyrirtækin.

Fyrsta námskeiðið af níu sem hönnuð verða var prufukeyrt í Fort William í Skotlandi 8. – 10. október síðastliðinn. Á námskeiðinu kynntust þátttakendur því hvernig markvisst

er hægt að nýta útvist og þær áskoranir sem þar finnast til að bæta andlega og félagslega líðan, námskeiðið nefndist „Adventure Therapy“. Þrjú þátttakendur frá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum tóku þátt auk þátttakenda frá Skotlandi og Finnlandi. Íslensku þátttakendurnir voru Matthildur Þorsteinsdóttir frá Öræfaferðum, Tryggvi V. Tryggvason frá Ice Explorers og Hulda L. Hauksdóttir frá Höfn Staðarleiðsögn.

Þátttakendur upplifðu hin margvíslegustu ævintýri á námskeiðinu auk þess að fá innsýn í fræði „Adventure Therapy“. M.a. var farið í sjósund, fjallgöngu, gist var í afskekktum fjallakofa og gengið yfir „vírabrú“.

Í kjölfar námskeiðsins fjölgaði í íslenska hópnum þegar Eyjólfur Guðmundsson skólameistari FAS og Olga Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri Ríkis Vatnajökuls mættu til þátttöku í verkefnafundi samstarfslandanna og fjölmennri ráðstefnu um útvist og leiðir til að auka almenna vellíðan, „Adventure Therapy“. Á ráðstefnunni var vefsíða ADVENT verkefnisins formlega opnuð og er slóðin á hana www.adventureedu.eu Næstu námskeið ADVENT verða haldin í Finnlandi 12. – 16. nóvember, á Íslandi



21. – 22. janúar 2019 og svo aftur í Skotlandi í mars. Þar og á næstu mánuðum verða spennandi tækifæri fyrir aðila í afþreyingarferðaþjónustu til að prófa nýjar leiðir og sinna endurmenntun og þróun innan fyrirtækjanna. ADVENT verkefnið greiðir fyrir ferðir og upphald þátttakenda í námskeiðunum.



Erasmus+



Opið hús í leikskólanum Sjónarhóli

Fimmtudaginn 1. nóvember n.k. er íbúum í sveitarfélaginu boðið að koma og skoða leikskólann okkar frá klukkan 16.15 til klukkan 18.00. Sjónarhóll er sex deilda leikskóli. Fyrstu börnin hófu skólagöngu þann 20. ágúst á þessu ári en þá höfðu starfsmenn undirbúið opnunina frá 14. ágúst ásamt því að sitja sameiginleg námskeið um uppeldi til ábyrgðar, tákn með tali, uppeldi sem virkar, Lubbi finnur málbein og fleira.

Hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest

Starfsfólk Leikskólans Sjónarhóls





Bjarnaneskirkja
Sunnudaginn 28. október
Uppskerumessa kl. 17:00
 Við færum Guði þakkir fyrir gjöfult sumar og uppskeru jarðarinnar
 Eftir athöfnina býður sóknarnefndin í kjöt-súpuveislu í Mánagarði.
 Allir hjartanlega velkomnir.
 Sóknarnefndin og prestarnir



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIRÐINGA

BINGÓ GLEÐIGJAFI verður núna á laugardaginn kl. 14:00 í EKRUNNI. Margt góðra vinninga!

RJÓMAVÖFFLUBALL er síðan á sunnudaginn frá kl. 16:00 til 17:30.

EKRUBANDIÐ SPILAR FYRIR DANSINUM. ENDILEGA KOMIÐ, DANSIÐ EÐA HLUSTIÐ OG HAFIÐ GAMAN.

500 KR. INN.

ÞÖKKUM ÖLLUM SEM KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á FRÍSTUND S.I. LAUGARDAG.



Hafnarkirkja-Fermingarbörn ganga í hús.

Fermingarbörn í Bjarnanesprestakalli munu ganga í hús á Höfn þriðjudaginn 30. október og safna fé til vatns verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar í löndum Afríku, Úganda og Eþíópíu.

Prestarnir hafa verið að fræða börnin um þá erfiðleika sem jafnaldrar þeirra í fátækum löndum Afríku eiga við að etja og um árangur af verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar. Þetta er í 20. sinn sem söfnunin er haldin.

Fermingarbörnin ganga hús úr húsi mill kl. 17:30-21:00, þriðjudaginn 30. október. Takið vel á móti þeim.

Prestarnir

Vöflukaffi

Framsóknarfélag Austur-Skaftafellsýslu býður í vöflukaffi föstudaginn 26. október kl. 16:00-18:00 í Papóshúsinu.

Allir velkomnir

Kjörnir bæjarfulltrúar verða á staðnum

Stjórnin



Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
 Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
 Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes
 Umbrot: Tjörvi Óskarsson
 Prentun: Litlaprent
 ISSN 1670-4126



Sögustundin á Bókasafninu

Laugardaginn 27. október n.k. verður Sögustund á Bókasafninu frá kl. 13.30 – 14.00. Við reynum að miða lesefnið við börn á aldrinum 3-6 ára. Í þetta sinn verður sögustundin í samstarfi við gestalesara.

Góðir sófar og allrahanda lesefni fyrir mömmur, pabba, ömmur og afa, á meðan á lestrinum stendur.

Verið velkomin á bókasafnið.

Ef þú hefur áhuga á því að gerast gestalesari vinsamlegast hafðu samband við bókasafn í síma 470-8050

Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar



Haustúthlutun Uppbyggingasjóðs Suðurlands



Þann 9. október síðastliðinn rann út umsóknarfrestur í haustúthlutun Uppbyggingasjóðs Suðurlands. Úthlutanir sjóðsins eru tvisvar á ári, í mars og október ár hvert. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði nýsköpunar og menningar á Suðurlandi en Sunnlendingar hafa verið mjög duglegir að sækja um til fjölbreyttra og áhugaverðra verkefna. Að þessu sinni bárust 120 umsóknir, þar af voru 51 til atvinnuþróunar og nýsköpunar og 69 menningarverkefni. Markmið styrkveitinga atvinnuþróunar og nýsköpunar er að styðja við atvinnuskapandi- og /eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi. Markmið menningarstyrkja er að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Næstu vikur verða umsóknir metnar, en sjóðurinn er samkeppnis-sjóður og umsóknir metnar út frá ákveðnum matsþáttum og þau verkefni sem best þykja hljóta styrk. Reiknað er með að niðurstöður liggi fyrir og verði gerðar opinberar um miðjan nóvember.

Umsækjendum og styrkþegum stendur til boða ráðgjöf hjá ráðgjöfum SASS sem aðstoða í öllum skrefum ferlisins, til að mynda við mótun verkefna, gerð umsókna og svo eftirfylgni þeirra verkefna sem styrk hljóta. Ráðgjafar SASS eru í þekkingasetrum vítt og breytt um Suðurland, á Selfossi, Hvolsvelli, Vestmannaeyjum, Vík og Hornafirði.



HEILSUHORN HSU

Brjóstagjöf - er næg mjólk?

Eitt helsta áhyggjuefni nýorðinna mæðra, er hvort að barnið fái næga mjólk þegar það sýgur brjóstið. Þessi efi er oftast að ástæðulausu og getur valdið því að farið er að gefa þurrmjólk án þess að þörf sé á því. Það getur haft þær afleiðingar að mæður hætti fyrr með barn á brjósti heldur en þær vilja.

Áhyggjurnar koma oft þegar barnið er á því tímabili að vilja drekka oftar og lengur en áður og er jafnvel órólegt við brjóstið. Þetta er eðlilegt og þýðir ekki að konan hafi ekki næga mjólk. Það eru stundum aðrar ástæður en svengd, sem fær nýbura til að leita að brjóstinu. Það getur til dæmis verið sog- og snertipörf, óöryggi, oförvun, eða því er of kalt eða of heitt.

Hvernig veistu þá hvort barnið fær noga mjólk fyrstu vikurnar? Ef barnið drekkur á 2-3 tíma fresti (á ekki við á fyrsta sólahring því þá drekkur það oft örar), sýgur vel, heyrir kyngja, vætir 6-8 bleiur á sólahring, lítur eðlilega út, sýnir eðlileg viðbrögð og hreyfingar, þá er það líklegast að fá næga mjólk.

Það er mikilvægt að gefa sér þann tíma sem þarf til að brjóstagjöfin nái að fara vel af stað og leyfa barninu að drekka eins oft og lengi og því lystir. Einnig er gott að vita að börn á brjósti geta ekki drukkið of oft eða fengið illt í magann af tíðum gjöfum. Loft í maganum getur valdið óróleika eða magaverkjum eftir brjóstagjöf. Það er hægt að minnka það með að láta barnið ropa strax eftir gjafir eða láta barnið hjóla með fótunum. Ef barnið gleypir mikið loft þarf kannski að leiðrétta sog og stellingu. Það er alveg eðlilegt að nýfædd börn fái loft í magann, þar sem þarmarnir eru að venjast mjólkinni.

Ef það eru gjafavandamál er mikilvægt að sækja sér aðstoð hjá ljósmóður eða brjóstagjafaráðgjafa.

*F. h Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
Veronika Carstensdóttir Snædal, ljósmóðir HSU*



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna lýsingar á aðalskipulagsbreytingu Hellisholt á Mýrum verður haldinn mánudaginn 29. október 2018 kl. 12:00. Fundurinn verður haldinn í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

BLEIKUR OKTÓBER

Fræðsla um kvenheilsu fimmtudaginn
27. október.n.k. kl. 20:30 í Ekrusal.

Í tilefni af bleikum október verður Krabbameinsfélag Suðausturlands með fræðslukvöld og mun Arnar Hauksson dr. með kvensjúkdómalæknir halda erindi um kvenheilsu.

Allar konur hjartanlega velkomnar og hvattar til að mæta í einhverju bleiku. Er ekki tilvalið að eiga góða stund í hópi kvenna fræðast og hafa gaman saman.

Kaffi á könnunni og fleira skemmtilegt.

*Krabbameinsfélag
Suðausturlands*



Krabbameinsfélagið

Eystrahorn

Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi í Nýheimum verður haldið þann 26.10. og hefst dagskráin Kl. 12:30.

Listamaðurinn Halldór Ásgeirsson ræðir list sína, rannsóknir og störf. Þema verka hans eru oft byggð á náttúrulegum eiginleikum landsins, Nú vinnur Halldór í verkefni sem snýst um náttúrukrafta Vatnajökuls í samtali við menningu og sögu sveitar við rætur jökulsins.

Súpa, nýbakað brauð og pesto 1000kr

Súpa, brauð og salatbar á 1500kr

í boði frá kl 12.00

(ath. að ekki er tekið við kortum)

Manstu eftir taupokanum?

POKASTÖÐIN
Hornafjörður - Iceland

Kærar þakkir til allra sem tóku þátt í FRÍSTUND



Síðastliðin helgi var líflæg í Nýheimum þegar fjölmargir Hornfirðingar kynntu sér framboð afþreyingar og félagsstarfs í sveitarfélaginu. Viðburðurinn, sem fékk nafnið FRÍSTUND, var opinn dagur þar sem félagasamtök af öllum gerðum var gefinn kostur á að kynna starfsemi sína fyrir gestum og gangandi. Var það gert til að vekja athygli á þeirri fjölbreyttu menningarstarfsemi sem í boði er á svæðinu og bjóða fólk velkomið til þátttöku. Hátt í 40 félagasamtök tóku þátt í deginum með kynningum af ýmsu tagi og voru margir hissa á fjölda þeirra virkra félagasamtaka sem er á svæðinu. Félagasamtökin eiga miklar þakkir skildar fyrir sitt framtak en kynningarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar.

Þetta var í fyrsta sinn sem FRÍSTUND er haldin á Hornafirði en að henni stóðu Nýheimar þekkingarsetur og Sveitarfélagið Hornafjörður, ásamt sjálfboðaliðum. Mikil þörf var fyrir viðburð sem þennan en samkvæmt niðurstöðum rýnihópa meðal ungs fólk telur það sig ekki hafa þekkingu á möguleikum þeirra til þátttöku í félagsstarfi, auk þess sem Hornfirðingar eru ríkir af nýbúum af erlendum uppruna þó það endurspeglar ekki í samfélagslegri þátttöku, kjörorð FRÍSTUNDAR er allir eru velkomnir í FRÍSTUND.

Er það von okkar sem að deginum stóðu að næst verði fleiri félagasamtök og enn fleiri íbúar sem sækja viðburðinn enda eflir félagsstarf einstaklingana og samfélagið allt. Við hvetjum alla til að finna sína FRÍSTUND

KALFHORNID EST. 1999 Jólahlaðborð Kaffi Hornsins

30. NÓVEMBER OG 7. DESEMBER

FORRÉTTIR

REYKTUR OG GRAFINN LAX, SÍLDARRÉTTIR, ÍSLENSK HRÁSKINKA, GRAFINN NAUTAVÖÐVI, MARINERADIR SJÁVARRÉTTIR OG MARGT FLEIRA

AÐALRÉTTIR

HEILGRILLAD LAMB, HÆGELDADUR NAUTAVÖÐVI, PURUSTEIK, HANGIKJÖT OG HAMBORGARHRYGGUR, KARTÖFLUR, GRÆNMETI, BERNAISE SÓSA OG SVEPPASÓSA

EFTIRRÉTTIR

SÚKKULADÍ BROWNIE, SÚKKULADÍMÚS, KAFFI OG KONFEKT OG MARGT FLEIRA

HÚSIÐ OPNAÐ KL. 19:30 OG BORDHALD BYRJAR KL. 20:00

VERÐ 7500 KR.

BORDAPANTANIR Í SÍMA 478-2600

Kæru Hornfirðingar!



Leynast heima hjá ykkur gamlir öskudagsbúningar sem eru orðnir of litlir á fyrri eigendur og eru í leit að nýju heimili?

Við á Bókasafninu erum nefnilega að leita að nýjum búningum í barnahornið og myndum glöð vilja taka við velmeðfönum búningum fyrir yngstu gesti safnsins.